

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 17. apríl kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 769. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hildur Gunnarsdóttir, Ævar Harðarson, Ólafur Melsted, Björn Ingi Edvardsson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

1. **Ásvallagata 13, Stækkun á svölum 1.og 2.hæð** (01.162.303) Mál nr. BN057386
Skjalnr. 10838

Halla Helgadóttir, Ásvallagata 13, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja svalir á suðurhlíð 1. og 2. hæðar íbúðarhúss á lóð nr. 13 við Ásvallagötu.

Erindi fylgir samþykki lögráðamanns og lögerfingja eiganda íbúðar 01-0101 dags 4. mars 2020, afrit af skipunarbréfi lögráðamanns dags. 6. febrúar 2019, greinargerð hönnuðar dags 25. febrúar 2018 og afrit af tölvupósti er varðar lokaúttekt. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. apríl 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. apríl 2020. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 11 og 15 og Brávallagötu 22 og 24.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

2. **Bústaðavegur 151-153, breyting á deiliskipulagi** (01.826.1) Mál nr. SN200074
Skjalnr. 7581

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bústaðavegar 151-153. Í breytingunni felst m.a. að skipulagssvæðið stækkar til norðurs inn á svæði við lóðarmörk Ásenda og afreinar frá Miklubraut að Reykjanesbraut, uppsetningu hljóðveggs meðfram afrein/aðrein akandi umferðar við gatnamót Miklubrautar og Reykjanesbrautar, lega göngu- og hjólastígs norðan hitaveitustokks og vestan lóðar við Bústaðaveg 151D breytist og lega göngu- og hjólastígs breikkar og hækkar í landi milli eystri lóðarmarka Ásenda og afreinar/aðreinar milli Miklubrautar og Reykjanesbrautar vegna háspennurafstrengs sem liggur í jörðu undir núverandi stíg, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta og Landslags dags. 23. janúar 2020 br. 16. apríl 2020. Einnig eru felldar burt tvær settjarnir (settlejörn 1 og settlejörn 2) vegna óhentugrar hæðarlegu lands og skerpt á skilmálum vegna blágrænna ofanvatnslausna innan lóða í formi regnbeða. Jafnframt er lagt fram fylgiskjal með

þremur sneiðmyndum í hljóðvegg og lóðir Ásenda nr. 1, 3 og 5 dags. 29. janúar 2020, hljóðvistarskýrsla Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. dags. í febrúar 2005 og hljóðkort (dynlínukort) Mannvits dags. í nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 4. mars 2020 til og með 15. apríl 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigurður Bessason dags. 23. mars 2020, Nikulás Einarsson dags. 14. apríl 2020 og Svanur Kristbergsson f.h. Basalt ehf. dags. 15. apríl 2020.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

3. **Hverfisgata 46, (fsp) rekstur gististaðar** (01.172.0) Mál nr. SN190718
Skjalnr. 8146
671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Þingvangs ehf. dags. 3. desember 2019 ásamt bréfi dags. 2. desember 2019 varðandi rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 46 við Hverfisgötu, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020. Jafnframt er lögð fram leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.
Leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020 samþykkt.
4. **Grettisgata 81, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN200112
Skjalnr.
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
440507-1310 Gunnfánar ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Noland Arkitekta ehf. dags. 13. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.3 vegna lóðarinnar nr. 81 við Grettisgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að gera tvo kvisti á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Noland Arkitekta ehf. dags. 1. febrúar 2020. Einnig er lagt fram samþykki hluta eigenda mótt. 13. febrúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. mars 2020 til og með 14. apríl 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Daniel Roche dags. 7. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
5. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á deiliskipulagi vegna lóða M og G** (01.63) Mál nr. SN190592
Skjalnr. 9008
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 2. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða. Í breytingunni felst að suðaustan við svæðið er byggingarreit útisvæðis bætt við. Útisvæðið verður afgirt með 4 metra háu grindverki og verður gert ráð fyrir færanlegum gámaeiningum á svæðinu ásamt því að kælitækjum verður fjölgað. Lóð G stækkar um 18 fm. á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu og skilmálatafla fyrir lóð G breytist, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 26. ágúst 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. mars 2020 til og með 8. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

6. **Frakkastígur - Skúlagata, breyting á deiliskipulagi** (01.15) Mál nr. SN200208
Skjalnr. 9173
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Frakkastíg - Skúlagötu, varðandi fyrirhugaða nýbyggingu við Frakkastíg 1. Um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi og með þessari breytingu fellur því úr gildi eldra skipulag sem var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur þann 7. júní 2018, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 2. apríl 2020, .
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
7. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á deiliskipulagi - R19070109** (34.2) Mál nr. SN190542
Skjalnr. 10184
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst helst að skipulögð er um 5 hektara lóð fyrir Malbikunarstöðina Höfða þar sem fyrirtækið hyggst hefja starfsemi sína á Esjumelum. Felldar eru niður aðrar 12 lóðir og sameinaðar í eina stóra, sett eru ákveðin skilyrði fyrir lóðina og fylgir m.a. mat á umhverfisþáttum breytingar með tillögunni. Einnig eru nokkrar lóðir sem skilgreindar voru fyrir dreifstöðvar OR felldar út og möguleiki gefinn á að stækka aðliggjandi lóðir, auk þess er gerð breyting á lóðarstærð við Silfursléttu o.fl., samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 22. október 2019 síðast br. 25. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Mosfellsbær dags. 28. febrúar 2020, Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi dags. 12. mars 2020 og Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 17. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
8. **Kjalarnes, Varmadalur 4, (fsp) bygging þriggja húsa** Mál nr. SN200195
Skjalnr. 10167
Egill Sveinbjörn Egilsson, Varmadalur 1, 162
Lögð fram fyrirspurn Egils Sveinbjörnssonar dags. 30. mars 2020 um að reisa hús að stærð 100-120 fm. í suðvestur horni lóðarinnar að Varmadal 4 á Kjalarnesi, samkvæmt skissu ódags. Annars vegar eitt starfsmanna- og þjónustuhús og hins vegar hús til útleigu til skemmri tíma.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Krókháls 7A, breyting á deiliskipulagi** (04.321.8) Mál nr. SN200191
Skjalnr. 14243
650319-0360 K.J. ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
591218-1580 Vallarbyggð ehf., Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 26. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7A við Krókháls. Í breytingunni felst að hæðarkóti byggingar er lækkaður til samræmis við Hestháls 14, byggingarreitur 1. hæðar er stækkaður til vesturs og austurs ásamt því að lengjast fjóra metra til suðurs, byggingarreitur 2. og 3. hæðar lengist til vesturs, nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0.7 í 0.9, aðgengi að 1. hæð verður bæði frá Hesthálsi og Krókhálsi um nýjan veg sem gerður verður á milli Krókháls 7A og 7 o.fl. samkvæmt uppdr. K.J. ARK ehf. dags. 24. mars 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

10. **Skógarhlíð, breyting á deiliskipulagi** (01.700) Mál nr. SN200006
Skjalnr. 8600
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna nýrra undirganga undir Litluhlíð og nýrra göngu- og hjólastíga meðfram Skógarhlíð. Jafnframt er aflagður göngustígur meðfram Bústaðarvegi, samkvæmt upprætti Arkþing - Nordic ehf. dags. 13. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 18. febrúar 2020 til og með 31. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Kristín Ása Einarsdóttir dags. 19. febrúar 2020, Bjarni Valur Guðmundsson dags. 25. febrúar 2020 og Landsamtök hjólreiðamanna dags. 31. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2020.
- Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.*
11. **Suðurlandsvegur, framkvæmdaleyfi** (05.8) Mál nr. SN200189
Skjalnr. 9250
- 680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. mars 2020 var lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 25. mars 2020 um framkvæmdaleyfi vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi að Bæjarhálsi ásamt tengingum við núverandi vegakerfi og lengingu og breikkun á undirgöngum við Krókháls. Einnig er lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 26. mars 2020, útboðslýsing Eflu dags. 1. janúar 2020 og tillöguhefti - upprættir Eflu dags. 1. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
- Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir málmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf greiðsla fara fram áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda, skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
12. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi** (04.91) Mál nr. SN200204
Skjalnr. 8101
- lóðar nr. 12 við Skógarsel*
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 12 við Skógarsel, íþróttasvæði ÍR. Í breytingunni felst að byggingarreitur íþróttahúss stækkar til suðvesturs um 16 metra, byggingareitur norðaustan minnkar um 18 metra auk þess stækkar byggingarreitur til suðausturs að bílastæðum um 7. metra, aðkoma frá Skógarseli norðaustan byggingarreits innan lóðar tengist bæði íþróttahúsi og knattúsi með þjónustuaðkomu og afmörkun bílastæða til suðvesturs minnkar, samkvæmt uppr. Teiknistofunnar Stórð ehf. dags. 1. apríl 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
- Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
13. **Súðarvogur 2E-2F, ósk um umsögn vegna starfsleyfis** (01.450.2) Mál nr. SN200214
Skjalnr. 13656
- 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 7. apríl 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna tilkynningar Óliuverslunar Íslands ehf. dags. 27. mars 2020 um breytta starfsemi og umsóknar dags. 29. mars 2020 um tímabundið starfsleyfi fyrir vörugeymslu Olís að Súðarvogi 2E-2F.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

14. **Vogabyggð svæði 5 - Skólpdælustöð,** (01.45) Mál nr. SN200218
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 13136
 501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
 Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 14. apríl 2020 um framkvæmdaleyfi vegna byggingu nýrrar skólpdælustöðvar í Vogabyggð svæði 5. Einnig er lagt fram teikningasett dags. í apríl 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Hafnarstræti 18, breyting á deiliskiplagi** (01.140.3) Mál nr. SN200026
 Skjalnr. 7175
 700104-2650 Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
 431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 10. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskiplagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst að byggja einnar hæðar viðbyggingu við austurgafli hússins með þaksvölum, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu dags. 20. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. september 2019 og samþykkt borgarráðs frá 9. janúar 2020 ásamt bréfi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 6. janúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. mars 2020 til og með 8. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
16. **Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254,** (01.254) Mál nr. SN200098
breyting á deiliskiplagi Skjalnr. 10057
 Helgi Mar Hallgrímsson, Laugateigur 46, 105 Reykjavík
 481007-1780 Al-verk ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 6. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskiplagi Kennaraháskóla Íslands vegna lóða A og B. Í breytingunni felst stækkun byggingarreita A2 og B1 ofan- og neðanjarðar vegna stigahúss ásamt því að byggingarreitum A6 og B6 er bætt við neðanjarðar og má því byggja samfelldan kjallara á milli A2 og A3 annars vegar og B1 og B2 hins vegar. Hámarkstærð byggingarmagns á reit A2 og B1 lækkar um það magn sem bætist við með nýjum byggingarreitum A6 og B6, samkvæmt uppdr. a2f arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. mars 2020 til og með 6. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
17. **Laugarásvegur 29-37, breyting á** (01.382.1) Mál nr. SN200071
deiliskiplagi Skjalnr. 6199
 Ragnheiður Ebenezersdóttir, Laugarásvegur 37, 104 Reykjavík
 591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 28. janúar 2020 um breytingu á deiliskiplagi Kleifarvegur 1.282.1 vegna lóðarinnar nr. 29-37 við Kleifarveg. Breytingin felst í stækkun á bílgeymslulóð við enda Kleifarvegur samkvæmt, uppdrætti Mönduls verkfræðistofu dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagt fram samþykki eigenda bílskúra við Laugarásveg 29, 29a og 35 dags. 12. ágúst 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. mars 2020 til og með 6. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram samþykki hluta hagsmunaaðila mótt 3. mars 2020.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

18. **Barðavogur 21, (fsp) breyting á** (01.443.0) Mál nr. SN200217
deiliskipulagi Skjalnr. 7332
 080878-3979 Röðull Kolbeinn Arinbjargarson, Dofraborgir 21, 112 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Röðuls Kolbeins Arinbjargarsonar dags. 9. apríl 2020 um breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 21 við Barðavog sem felst í að ósamþykkt íbúð í húsinu verði samþykkt.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, breyting á** (04.0) Mál nr. SN200081
deiliskipulagi vegna lóða A og B Skjalnr. 7634
 531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
 490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga um breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4. Í breytingunni felst að heimila fyrstu hæð í íbúðarhúsum á lóðum A og B að fylgja götuhæð, eða þannig að ekki þurfi að lyfta þeim 0,5-1,2 m þar sem ekki er reiknað með kjallara undir þeim. Byggingarreitir á lóð A lengjast og fara úr 31 og 32 metrum í 32,5 metra, svæði fyrir djúpgáma færast til á lóðum A og B. Hæð norðvestasta hússins breytist í 4 hæðir í stað 3-4 hæðir og þakform breytist, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. mars 2020 til og með 27. apríl 2020 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst þann 16. apríl 2020 er erindi lagt fram að nýju.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
20. **Logafold 138, endurupptaka máls** (02.871.6) Mál nr. SN200220
 Skjalnr. 11173
 Þorsteinn Kristján Jóhannsson, Kleppsvegur 118, 104 Reykjavík
 Lagt fram erindi Þorsteins Kristjáns Jóhannssonar og Önnu Guðrúnar Guðjónsdóttur dags. 8. apríl 2020 um að breyta notkun bílskúrs lóð nr. 138 við Logafold í íbúð fyrir fatlaðan einstakling.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Lyngháls 1, breyting á deiliskipulagi** (04.326.0) Mál nr. SN200088
 Skjalnr. 8110
 531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
 470193-2559 Prentmet Oddi ehf., Lynghálsi 1, 110 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 4. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lyngháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 4. febrúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 18. mars 2020 til og með 15. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
22. **Skipholt 1, (fsp) nýta hluta jarðhæðar undir** (01.241.2) Mál nr. SN200182
hótelherbergi Skjalnr. 13462
 531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
 560117-0350 Skipholt ehf., Starhaga 4, 107 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 20. mars 2020 ásamt bréfi dags. 20. mars 2020 um að nýta hluta jarðhæðar hússins á lóð nr. 1 við Skipholt undir hótelherbergi. Um er að ræða alla jarðhæð hússins í nýrri hluta þess samtals 8 herbergi, þann hluta jarðhæðar er vísar að Stórholti, einungis garðmegin, samtals 2 herbergi ásamt því að verið er að ráðgera að

lækka jarðveg utanfrá garðmegin og koma þar fyrir samtals 6 herbergjum. Einnig eru lagðir fram aðaluppdrættir dags. 13. september 2016 síðast br. 22. mars 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.

Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.

23. **Eyjarslóð 1, (fsp) gluggar á austurgafli hússins** (01.111.5) Mál nr. SN200073 Skjalnr. 5644
541008-1440 GT 2 ehf., Eyjarslóð 1, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn +Arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2020 ásamt greinargerð dags. 16. janúar 2020 um að setja glugga á austurgafli hússins á lóð nr. 1 við Eyjarslóð. Einnig eru lagðir fram uppdrættir +Arkitekta dags. 3. október 2019 og 18. desember 2019 og samkomulag GT 2 ehf. og Klappavör ehf. dags. 7. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
24. **Frostaskjól 39-45, 45 - Viðbygging** (01.515.107) Mál nr. BN057492 Skjalnr. 14264
Guðrún Marta Jóhannsdóttir, Frostaskjól 45, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta, einnar hæðar viðbygginu við vesturhlið raðhúss nr. 45 (mhl. 04) á lóð nr. 39-45 við Frostaskjól.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 30. mars 2020.
Stækkun vegna viðbyggingar er: 18,1 ferm., 48,9 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Selásbraut 98, (fsp) nýtingarhlutfall** (04.385.9) Mál nr. SN200177 Skjalnr. 10656
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
531198-2129 Selás-veislusalur ehf., Þverási 2, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Noland Arkitekta ehf. dags. 19. mars 2020 ásamt bréfi ódags. um hvort núverandi nýtingarhlutfall lóðarinnar nr. 98 við Selásbraut sé aðeins ofanjarðar sbr. hverfisskipulagi og hvort bílakjallari sé fyrir utan það nýtingarhlutfall.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Tunguvegur 12, (fsp) bílskúr** Mál nr. SN200209 Skjalnr. 14263
Ragnhildur Eiríksdóttir, Tunguvegur 12, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ragnhildar Eiríksdóttur og Þorgríms Þráinssonar dags. 31. mars 2020 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 12 við Tunguveg, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Lágholtsvegur 15, breyting á deiliskipulagi** (01.52) Mál nr. SN200225 Skjalnr. 13193
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Lýsisreits vegna lóðarinnar nr. 15 við Lágholtsveg. Í breytingunni felst byggingarreitur er minnkaður og þinglýst kvöð um lagnir er sýnd, samkvæmt uppdr. Glámu Kím dags. 16. mars 2020.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

28. **Súðarvogur 34, (fsp) stækkun húss ásamt breytingu á notkun og útliti** Mál nr. SN200108
Skjalnr. 14242
Emil Þór Guðmundsson, Mosprýði 1, 210 Garðabær
Helgi Magnús Hermannsson, Austurkór 55, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Emils Þórs Guðmundssonar dags. 11. febrúar 2020 um að stækka 1. og 2. hæð hússins á lóð nr. 34 við Súðarvog og breyta notkun hæðanna, ásamt því að breyta útliti hússins til samræmis við hús nr. 36 við Súðarvog. Einnig er lögð fram tillaga/skissa að stækkun hússins ódags. og ljósmyndir af útliti hússins. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020 samþykkt.
29. **Urðarbrunnur 84-92, breyting á deiliskipulagi** (05.054.3) Mál nr. SN200082
Skjalnr. 14201
Jón Hrafn Hlökkversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Hrafns Hlökkverssonar dags. 30. janúar 2020 ásamt greinargerð dags. 21. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 84-92 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að í stað fimm íbúða raðhús er heimilt að gera sex íbúða raðhús, endahús til vesturs (viðbót) er breytt í númer 92A, breidd byggingarreits hvernar íbúðar er mjókkaður úr 12 í 10 metra og breytast byggingarreitir samkvæmt því ásamt því að bílastæðum er fjölgað um tvö úr 10 í 12, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu ehf. dags. 24. janúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. mars 2020 til og með 6. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
30. **Njarðargata 47, Áður gert að hluta, sameina efstu hæð og ris.** (01.186.604) Mál nr. BN057257
Skjalnr. 14246
Sigurður Gunnarsson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík
Auðe Maina Anne Busson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna eignaskiptayfirlýsingar sem felast í því að gerðar voru svalir á norðurhlíð, og sótt er um að gera eldhús í rými 0001, sameina rishæð 0301 við 0201 með því að brjóta niður vegg sem skilur á milli rýma og að auki er innra skipulagi breytt í húsi á lóð nr.47 við Njarðargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda, ódags., umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. febrúar 2020 og bréf hönnuðar dags. 19. febrúar 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. mars 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. mars 2020. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020 samþykkt.
31. **Mávahlíð 7, (fsp) uppbygging á lóð** (01.702.1) Mál nr. SN190587
Skjalnr. 14189
Jón Finnbogason, Mávahlíð 7, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóns Finnbogasonar dags. 1. október 2019 um uppbyggingu á lóð nr. 7 við Mávahlíð. Einnig er lagt fram bréf Veitna dags. 7. apríl 2017 ásamt lagnateikningum dags. 1. október 2019. Einnig er lagt fram bréf skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. febrúar 2020. Fyrirspurninni var frestað og er nú lögð fram að nýju.
Málið fellt niður sbr. bréf skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. febrúar 2020.

32. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN190490
Skjalnr. 13910
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Richards Ólafs Briem dags. 26. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt er að byggja nýbyggingu á lóð í stað þess að koma fyrir flutningshúsi, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjaverndar dags. 26. ágúst 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020. Einnig lagðir fram skuggavarps uppdráttur dags. 13. september 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 13. mars 2020 til og með 14. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
33. **Barónsstígur 59, (fsp) stækkun svala** (01.195.2) Mál nr. SN200185
Skjalnr. 14257
Bjarki Gunnar Halldórsson, Óðinsgata 4, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Bjarka Gunnars Halldórssonar dags. 17. mars 2020 um að stækka svalir hússins á lóð nr. 59 við Barónsstíg, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. mótt. 17. mars 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020 samþykkt.
34. **Miðstræti 12, Breyta atvinnuhúsnæði í 6 íbúðir** (01.183.119) Mál nr. BN057165
Skjalnr. 14250
570817-0430 Mjallur ehf., Kríuási 33, 220 Hafnarfjörður
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta atvinnuhúsnæði í 6 íbúðir í húsi á lóð nr. 12 við Miðstræti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2020.
Erindi fylgir nýr umsóknartexti mótttekinn 2. mars 2020, umboð dags. 25. febrúar 2020, bréf hönnuðar vegna algildrar hönnunar dags. 25. febrúar 2020. Einnig skýringarmynd hönnuðar dags. 19. mars 2020
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. mars 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020. Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. mars 2020. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2020 samþykkt.
35. **Tómasarhagi 27, (fsp) hækkun á þaki hússins** (01.554.0) Mál nr. SN200131
Skjalnr. 8216
Gunnar Sigurðsson, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Sigurðssonar dags. 21. febrúar 2020 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 27 við Tómasarhaga, samkvæmt fyrirspurnartillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2020 samþykkt.

36. **Reykjavíkurlflugvöllur, Flugskýli 1,**
friðlýsing

Mál nr. SN200222
Skjalnr. 12203

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 26. mars 2020 þar sem tilkynnt er að mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Flugskýli 1 á Reykjavíkurlflugvelli.

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:35.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir